

KJARVAÐ

50% afsláttur
Móa kjúklingavængli 138 KR. KG.

30% afsláttur
Goða rauðvíns-leginn gríshnakki 1.133 KR. KG.

25% afsláttur
Goða súpukjöt líttill poki 374 KR. KG.

40% afsláttur
Móa kjúklingalæri 365 KR. KG.

BETRI TILBOÐ - BETRA VERÐ

20% afsláttur
100% kjöt
Hreindýra-hamborgarar

20% afsláttur
Gríms Salsa fiskur Torittla 289 KR. PH.

20% afsláttur
Ýsa í raspi 599 KR. KG.

3 FYRIR 2
Lif 100% ávaxtasafi 1 ltr.

2 FYRIR 1
Myllu speltbrauð

99 KR. KG.
Appelsínur

149 KR. KG.
Blómkál

169 KR. PH.
Frón Pólo eða Maríukex

998 KR. STR.
1 lítrir Pantene Pro U sjampo eða hárnæring 1 lítrir

389 KR. PH.
2 ltr. Kjörís heimalis vanillu eða súkkulaði

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

**Aðalfundur
UMF Skafta**

verður haldinn laugardagskvöldið
17. mars kl. 20:30 í Tunguseli

Venjuleg aðalfundarstörf
Stjórnin



**MÝRDAL OG
AUSTUR-EYJAFJÖLLUM**

Mánudaginn 19. mars kl. 14:00
fáum við heimsókn frá Félagi
Eldri Borgara í Skaftárhreppi.
Stjórnin

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir
verður á Heilsugæslustöðinni í Vík
sunnudaginn 18. og mánudaginn 19.
mars.


Tímarpantanir 4805340

Aðalfundur Búnaðarfélags

Dyrhólahrepps

verður haldinn miðvikudagskvöldið
28 mars. kl.20:30

Nánar auglýst síðar



auglýsir.

Skólaliði óskast í hálf starf vegna
veikindaforfalla.

Upplýsingar gefur skólastjóri
í síma 487-1242.



Nú má lesa Vitann á sudurland.net

SMÁAUGLÝSINGAR

9. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 14. MARS 2007

Í tilefni eigendaskipta á Hótel Lunda

ætlum við að hafa opið hús föstudagskvöldið 16. mars

Húsið opnar með fordrykk kl. 20

Björg Jakopsdóttir leikkona verður með uppistand og síðan mun húsbandið spila léttu músik fram eftir kvöldi.

Barinn opinn

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Jóhanna og Guðmundur



17. júní 2007

Ípróttá- og æskulýðsnefnd Skaftárhrepps óskar eftir aðilum til að sjá um hátíðarhöld á 17. júní á Klaustri, gegn greiðslu.

Tilvalið fyrir félagasamtök, einstaklinga eða fyrirtæki. Möguleiki er að nota ípróttahúsið til hátíðarhaldanna.

Þeir sem kjósa að taka verkefnið að sér að gera 17. júní eftirminnilegan hafi samband við Sigurð Gunnarsson formann **ípróttá- og æskulýðsnefndar fyrir 1.apríl.**

Sjá úthlutunarræglur á klaustur.is

Ípróttá- og æskulýðsnefnd Skaftárhrepps

HANDAVINNA/HANDVERK

Sunnudagurinn 18. mars er dagur hinna högu handa. Þá ætlum við að hittast á Eyrarlandi kl. 15.00 og höfum með okkur handverk liðins tíma og dagsins í dag

Eigum notalega stund saman. Heitt á könnunni.

Allir velkomnir.

Kvenfélag Hvamshrepps og Kvenfélagið Ljósbrá.

Íbúafundir



Byggðasamlag Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu boðar til íbúafunda til kynningar á Green Globe 21 verkefninu. Sveitarfélög á svæði byggðasamlagsins, auk Þjóðgarðsins Skaftafells, eru þátttakendur í verkefninu. Green Globe 21 eru alþjóðleg vottunarsamtök sem votta fyrirtæki í ferðapjónustu og samfélög. Vottunarkerfið miðar m.a. að því að ná fram bættri frammistöðu í umhverfismálum, sem leiðir til rekstrarsparnaðar og bættrar samkeppnistöðu svæðisins.

Íbúafundirnir verða á eftirtöldum stöðum:

Í Félagsheimilinu Leikskálum í Vík þriðjudaginn 20. mars kl. 20:30
Í Félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli miðvikudaginn 21. mars kl. 16:00

Stefán Gíslason umhverfisfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Umhverfisiráðgjöf Íslands ehf flytur erindi og kynnur verkefnið. Að því loknu eru almennar umræður og fyrirspurnir.

Íbúar á svæðinu eru hvattir til að mæta á fundina til að kynna sér verkefnið og þá möguleika sem þátttaka í því skapar samfélaginu.

Stýrihópur Byggðasamlags Green Globe 21
í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu.

Er ekki upplagt að fá einn svona girnilegan

Kaldur brauðréttur

1 franskbrauð, tætt niður án skorpunar
3-4 msk mæjónes
2-3 bréf skinka, söxuð niður
250 gr rækjur
1 dós sýrður rjómi
1 lítil dós ananaskurl
3 harðsoðin egg (kurluð)
Vínber
Dill

Setjið brauð í eldfast mót. Hrærið saman sýrðan rjóma, mæjónes og ananaskurl og hellið yfir brauðið. Setjið skinku ofan á blönduna, því næst egg og síðan rækjur. Má skreyta með dilli og vínberjum sem eru skorin í tvennt.

AÐALFUNDUR UMF. DYRHÓLAEYJAR

Verður haldinn fimmtudaginn 22. mars kl. 20.00
í félagsheimilinu Ketilsstöðum.

DAGSKRÁ:

1. Kjör fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar sl. árs lagðir fram
4. Félagsgjöld
5. Sameining Dyrhólav/Drangur
6. Viðbyggingarsjóður
7. Kosningar
8. Önnur mál.



Stjórnin

Aðalfundur Félags sauðfjárbænda

Í Vestur-Skaftafellssýslu verður haldinn í félagsheimilinu á
Herjólfsstöðum 22. mars kl. 20.30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Félagsmenn hvattir til að koma með tillögur fyrir aðalfund LS



Nýir félagar velkomnir.
Önnur mál.

Stjórnin

Síðasti leikur Umf. Drangs í vetur

Að þessu sinni koma Hornfirðingar í heimsókn og
spila síðasta leikinn í deildinni í vetur við heimamenn í Drangi.

Leikurinn fer fram á laugardaginn kl 14:00 í íþróttahúsinu í Vík.
Frábært væri ef stuðningsmenn liðsins myndi nú fjölmenna
og hvetja sína menn til sigurs í lokaviðureign vetrarins

Áfram Drangur

Aðalfundur Umf. Drangs

Priðjudaginn 3. apríl verður aðalfundur Umf. Drangs
haldinn í Leikskálum kl 20:00
Dagskrá fundarins verður auglýst síðar

Stjórnin

Íslenskan er lifandi mál, ekki satt? ;-)

Flísarnar eru miklu varanlegri en allt annað
Falla á mann tvær grímur
Hellti upp á eina Pizzu Fauk saman við yfirmann
sinn
Má ég millileggja þetta á reikninginn ykkar
Erfitt fyrir fólk með skammtímaþunglyndi
Það væri nú til að kóróna alveg mælinn
Eins og að skvetta eldi
Það gengur alltaf allt á afturendanum á henni
Sumir taka alltaf allan rjómann
Getum ekki horft hvort á aðra
Kannski þykkar í mér pundið
Þetta var svona orðataekifæri
Hún á náttúrulega að fá greitt fyrir afturgengið
orlof
Skírður eftir höfuðið á honum
Flokkast undir kynferðislegt álag

Það er enginn millivegur á þér
Við verðum að leggja okkur í spor barnanna
okkar
Fór í klippingu og lét rótfylla á sér hárið
Hjartað hamaðist í höfðinu á henni
Sérðu snjóhryllingana
Kemur seint eftir dúk og disk
Augun voru alveg risastór við hliðina á höfðinu
Og, nú, góðir farþegar, er einmitt fengitími
melóna...
Ég hreinlega vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að
setjast...
Þar stóð hundurinn í kúnni... -(Þar lá hundurinn
grafinn... Þar stóð hnífurinn í kúnni.)
Maður fer í bæinn til að sjá sig og sýna aðra...
Svo handflettir maður rjúpunar...
Já, fólk núorðið er svo loðið á milli lappanna..

ÆFINGATAFLA UNGMENNAFÉLAGANNA Í MÝRDAL

MÁNUD.	ÞRIÐJUD.	MIÐVIKUD.	FIMMTUD.	FÖSTUD.
	12,40-13,20 1-4 B FRJÁLSAR K.M.KASP.			12,30-13,30 7-10 B FRJÁLSAR K.M.KASP.
	13,20-14,00 3-4 B BLAND V.B.G.		14,10-14,50 1-2 BEKKUR BLAND V.B.G.	
15,00-16,00 3-6 B FÓTBOLTI V.B.G.	14,10-14,50 5-6 B FRJÁLSAR K.M.KASP.	15,00-16,00 3-6 B KARFA B.J./G.E.	15,00-16,00 3-6 B FÓTB/HANDB Þ.H.G.	
16,00-17,00 7-10 B FÓTBOLTI V.B.G.	16,30-18,00 7-10 B FRJÁLSAR K.M.KASP.	16,00-17,00 7-10 B KARFA B.J./G.E.	16,00-17,00 7-10 B FÓTB/HANDB. Þ.H.G.	

ÆFINGAR FALLA NIÐUR ÞEGAR EKKI ER KENNSLA
Í SKÓLANUM NEMA ANNAÐ SÉ AUGLÝST.
ÞESSI ÆFINGATAFLA GILDIR FRAM AÐ PÁSKAFRÍI.
ÆFINGAR EFTIR PÁSKA VERÐA
AUGLÝSTAR SÍÐAR.



Reyniskirkja í Mýrdal

*Guðsþjónusta verður í Reyniskirkju í Mýrdal,
nk. sunnudag, 18. mars 2007, kl. 14:00.
Kristín Björnsdóttir leikur á orgel
og stjórnar almennum safnaðarsöng.*

*Fjölmennum til kirkju
á 4. sunnudegi í föstu.*

Sóknarprestur

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Munið samveru kirkjuskólans í Mýrdal
í grunnskólanum í Vík
laugardaginn 17. mars nk. kl. 11:15.

Sóknarprestur

Hugsaðu um það??

Hvers vegna gat Súpermann stoppað byssukúlu með brjóstkassanum á sér en þegar einhver kastaði í hann byssu þá beygði hann sig alltaf niður...

Hvers vegna er sítrónusafi gerður úr gerviefnum en uppvöskunarlögur inni heldur alvöru sítrónur....

Hvað sjá litlir fuglar þegar þeir rotast...

Ef í staðinn fyrir að tala við blómin þá myndir þú öskra á þau, myndu þau samt vaxa eða verða þau hrædd og órugg....

Hvers vega er ekki til kattamatúr með músabragði....

Hvað ætti maður að gera þegar maður sér dýr sem er í útrýmingar hættu að borða plöntu sem er í útrýmingar hættu.....

Er það hægt að vera algerlega hlutdrægur...

Æskulýðsguðspjónusta *Kirkjubæjarklaustursprestakalls*

verður haldin í Grafarkirkju í Skaftártungu
sunnudaginn 18. mars kl. 14.00.

Fermingarbörn lesa ritningarlestra og leiða söfnuðinn í bæn.

Blokkflautusveit Lýðveldisins leikur undir stjórn
Guðmundar Óla Sigurgeirssonar.

Nemendur Tónlistarskóla Skaftárhrepps leika á hljóðfæri og Ásakórinn
leiðir almennan safnaðarsöng.
Stjórnandi og organisti er Brian Roger Haroldsson.

Kirkjukaffi verður í Tunguseli í boði Ásakórsins og sóknarnefnda
prestakallsins.

Fjölmönnum til kirkju á degi Drottins og
eigum góðan dag með æsku sveitarinnar.

Sóknarprestur



Bænastundir á Klaustri

Bænastundir verða vikulega í Minningarkapellu sr. Jóns
Steingrímssonar á **fimmtudögum kl. 17.00 frá og með næsta
fimmtudegi 15. mars 2007.**

Verið öll hjartalega velkomin.

Sóknarprestur

Fundargerð Mýrdalshrepps
420. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,
haldinn fimmtudaginn 15. febrúar 2007 kl.
16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17
í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir. Sveitarstjóri
ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og
stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti óskar eftir að bæta við á dagskrá
fundarins lið III-6 Fjármál, lið III-7 Hula
bs. Einnig að bréf barnaverndarnefndar
dags. 29. janúar 2007 verði fært í III kafla
fundarins og verði númer III-8.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir helstu
verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 137. fundar fræðslunefndar
frá 13. febrúar 2007.

Á fundinn mættu grunnskólakennarar til
að fylgja eftir ályktun sinni frá 18. janúar sl.

D-listinn leggur fram eftirfarandi bókun
vegna ályktunar kennarafundar:

*D-listinn harnar þann misskilning sem upp
hefur komið milli aðila varðandi ákvörðun
á kennslustundamagni til grunnskólans og
tekur undir með kennurum að þurft hefði að
upplýsa þá betur um fyrirhugaðar breytingar
á úthlutunum kennslustundum.*

*Lögum samkvæmt tekur sveitarstjórn
ákvörðun um hve miklu fé er varið til rekstrar
grunnskóla sem og annarra deilda sveitarfélagsins.
Við ákvörðun kennslustundafjölda er farið eftir
viðurkenndum reiknilíkönunum. Telji skólastjóri
að skólinn þurfi vegna einhverra aðstæðna, fleiri
kennslustundir en reiknilíkanið gerir ráð fyrir
sækir hann um viðbótartíma með rökstuðningi.*

*Meirihluti sveitarstjórnar vinnur samkvæmt
þessum viðmiðunum. Að gerðum samanburði við
skóla af svipaðri stærð og grunnskóli Mýrdalshrepps
virðist augljóst að unnt sé að reka skólann fyrir
minna fjármagn en gert er án þess að það eigi
að þurfa að koma niður á þjónustu við nemendur.
Því hefur meirihluti sveitarstjórnar fækkað
úthlutunum kennslustundum fyrir skólaárið
2007-2008 frá því sem verið hefur. Það er í höndum
skólastjóra að gera tillögur um fleiri
kennslustundir standi til þess rök.*

Sveitarstjóri upplýsir að í undirbúningi sé
almennur fundur um skólamál þann 26. febrúar n.k.

D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu
vegna yfirstandandi heildarendurskoðun
grunnskólalaga ásamt meðfylgjandi greinargerð:

*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hvetur lög-
gjafarvaldið til að auka möguleika sveitarfélaga
til hagræðingar með samrekstri leikskóla,
grunnskóla og tónlistarskóla. Sveitarfélögum
þarf að vera mögulegt að reka skólastofnanir
eins og þau telja heppilegast miðað við
aðstæður á hverjum stað og því þarf lagarammi
að vera sveigjanlegri en nú er.*

Samþykkt með 3 atkvæðum (ÞJ, BJ, SP).
Tveir sitja hjá (EE, AGE). Sveitarstjóra
falið að koma samþykktinni ásamt greinargerð
til nefndar sem starfar að heildarendurskoðun
grunnskólalaga.

Fundargerðin fræðslunefndar samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf SAMAN-hópsins dags. 25. janúar 2007.

Samþykkt að veita styrk kr. 5.000,-

2. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 23. janúar 2007 varðandi könnun á starfsemi leikskóla.

Eins og fram kemur í fundargerð fræðs-

lunefndar telur leikskólastjóri sig hafa komið upplýsingunum til ráðuneytisins eins og um var beðið en sendir þær aftur.

Lagt fram til kynningar.

III. Málefni til umfjöllunar / afgangslu.

1. Drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum og drög að reglugerð um smásölu tóbaks bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis dags. 22. janúar 2007.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við reglugerðardrögin.

2. Reglur um afslátt af fasteignaskatti til elli og örorkulífeyrisþega.

Fyrirliggjandi drög samþykkt með áorðnum breytingum.

3. Loranstöð á Reynisfjalli.

Þann 25. janúar s.l. var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands úrskurður þess efnis að Mýrdalshreppi sé ekki heimilt að innheimta fasteignagjöld af gömlu Loranstöðinni á Reynisfjalli með vísan í samning frá árinu 1979. Krafa Mýrdalshrepps um nauðungarsölu er því felld niður. Kostnaður verjanda kr. 271.908,- fellur á Mýrdalshrepp.

Sveitarstjórn samþykkir að málinu verði ekki afryjað.

4. Frumvarp til vegalaga - bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 7. febrúar 2007.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við 20. gr., 31. gr. og X kafla frumvarpsins samkvæmt fram lögðu minnisblaði sveitarstjóra. Einnig styður sveitarstjórn sérálit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kemur fram í fylgiskjali I í frumvarpinu.

Sveitarstjóra er falið að koma athugasemdunum á framfæri við nefndasvið Alþingis.

5. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2008-2010. Vísad til seinni umræðu.

6. Fjármál

Sveitarstjórn heimilar sveitarstjóra að óska eftir framlengingu yfirdráttarheimildar á reikningi sveitarfélagsins í KB-banka að upphæð allt að 10 millj. kr. til 12. mánaða.

7. Hula bs

Aðalfundur Hulu bs. hefur verið boðaður 6. mars n.k. Fulltrúar Mýrdalshrepps á aðalfundi verða Sveinn Pálsson og Karl Pálmason. Sveinn er tilnefndur til setu í stjórn af hálfu Mýrdalshrepps.

8. Bréf barnaverndarnefndar dags. 29. janúar 2007

Nefndin óskar eftir endurskoðun á launum fyrir nefndarstörf og vinnu sem tengist setu í nefndinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögur sem fram koma í bréfi nefndarinnar.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 263. fundar stjórnar Atvinnu-þróunarfélags Suðurlands frá 8. desember 2006.

2. Fundargerð 264. fundar stjórnar Atvinnu-þróunarfélags Suðurlands frá 12. janúar 2007.

3. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 22. janúar 2007.

4. Bréf Héraðsnefndar dags. 25. janúar 2007.

5. Bréf Vegagerðarinnar dags. 23. janúar 2007.

Með bréfinu tilkynnir Vegagerðin að í vor sé fyrirhugað að framlengja veginn upp að Sólheimajökli og lagfæra bíla-plan þar eins og sveitarstjórn hafði óskað eftir.

Sveitarstjórn þakkar Vegagerðinni

jákvæð viðbrögð og fer fram á að haft sé samráð við landeigendur um framkvæmdina.

6. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 23. janúar 2007.

7. Fundargerð 5. fundar barnaverndarnefndar frá 17. janúar 2007.

8. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 24. janúar 2007.

9. Fundargerð Green Globe frá 13. janúar 2007

10. Bréf Félagsmálaráðuneytis dags. 24. janúar 2007.

11. Bréf Heilbrigðiseftirlits dags. 30. janúar 2007.

12. Fundargerð 91. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 31. janúar 2007.

13. Fundargerð 19. fundar stjórnar Félagsþjónustu frá 16. janúar 2007.

14. Fundargerð 96. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 6. febrúar 2007.

15. Fundargerð 400. fundar stjórnar SASS frá 7. febrúar 2007.

16. Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytis dags. 6. febrúar 2007.

17. Bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 8. febrúar 2007.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:30

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Andrína G. Erlingsdóttir



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri

Óska eftir

að kaupa nýfædda kálfa,
kvígur eða naut
Einnig fyrsta kálfs kvígur með
burðartíma apríl- maí

*Uppl í síma 487-1446
eftir kl. 21:00 á kvöldin*

Skaftárskáli

Okkur vantar starfsfólk
til afgreiðslustarfa í sumar.

*Allar nánari upplýsingar á
staðnum eða í s.896-0360*

